

**254. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps haldinn fimmtudaginn 14. september 2006 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Mættir: Allir aðalmenn.

Gústaf Jökull setti fundinn og bauð menn velkomna.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún samtals 3 blaðsíður að stærð.

Gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

Fundargerðir:

1. Fundargerð 253. funda hreppsnefndar 10. ágúst 2006. Fundargerðin samþykkt.
2. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 9. september 2006. Fundargerðin samþykkt.
3. Fundargerð mennta- og menningamálanefndar 24. ágúst 2006. Fundargerðin samþykkt.
4. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefnd 13. sept. 2006. Fundargerðin samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Lóðarleigusamningur undir Læknishús í Flatey. Málinu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.
2. Beiðni frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra um 25.000 greiðslu vegna dvalar íbúa frá Reykhólahreppi í Reykjadal. Samykkt.
3. Kosning á einum aðalmanni og einum varamanni í stjórn embættis skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Árneshrepp. Egill Sigurðsson kosin aðalmaður og Karl Kristjánsson varamaður.
4. Bréf frá Fjárlaganefnd Alþings dags. 5. sept. 2006 þar sem nefndin gefur sveitarstjórnarmönnum kost á að eiga fund með nefndinni dagana 25. og 26. september n.k. frá kl. 08:30 til kl. 17:00 vegna fjárlagaársins 2007. Sveitarstjóra falið að panta tíma og biðja um styrk til umhverfishreinsunar í Flatey og stuðning við stofnun og uppbyggingu væntanlegs Bátasafns Breiðafjarðar á Reykhólum.
5. Bréf frá Félagi áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum þar sem óskað er eftir viðræðum um að sveitarfélagið verði með í stofnun **Bátasafns Breiðafjarðar á Reykhólum**. Samþykkt að verða við beiðninni. Sveitarstjóra, Agli og Sigurbjörgu falið að tala við áhugamannafélagið.

6. Erindi frá Fjallskilaneftnd 2006. Formanni fjallskilaneftndar var tilkynnt af einum fjárbónda í Reykhólahreppi að hann myndi ekki taka þátt í fyrri leit eins og fjallskilaseðill gerir ráð fyrir, heldur ætlar hann að smala þann 30. sept. 2006. Fjallskilaneftnd beinir því til hreppsneftndar að hún geri bóndanum grein fyrir ábyrgð hans með tilvísan í fjallskilalög og reglur.  
Viðkomandi bónda hefur verið sent bréf þar sem honum hefur verið gert grein fyrir skyldum sínum skv. lögum. Sveitarstjóri lagði fram svarbréf frá viðkomandi bónda og mun það bréf sent fjallskilaneftndinni.
7. Kauptilboð. Kauptilboð barst frá Fasteignamistöðinni f.h. Fuglasteins ehf, kt. 520101-2330 í félagsheimilið Vogaland, Króksfjarðarnesi. Kauptilboðið hljóðaði upp á kr. 3.000.000 og skyldu kr. 500.000 greiðast við undirskrift og með skuldabréfi til sveitarfélagsins kr. 2.500.000.  
Ákveðið að hafna tilboðinu.

Til kynningar:

1. Bréf frá Varasjóði húsnæðismála dags. 23. ágúst 2006 til upplýsinga um starfsemi Varasjóðs húsnæðismála. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 28. ágúst 2006 til að vekja athygli sveitarstórnarmanna á starfsemi sjóðsins. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá **Starfshópi um lífræna byggðaðpróun** til að vekja athygli forráðamana sveitarfélaga á skýrslu um lífræna framleiðslu, stöðu hennar og þýðingu fyrir byggðaðpróun og atvinnulíf á Íslandi. Skýrsluna má nálgast á: [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is) á pdf-formi.  
Lagt fram til kynningar.
4. Bréf frá Guðjóni D. Gunnarssyni dags. 10. sept. 2006 með afriti af bréfi hans til hreppsneftndar dag. 2. maí 2003 um nýtingu úrgangs sem til fellur í hreppnum. Ákveðið að vísa til umfjöllunar hjá umhverfis- og nátturuvernarneftnd.

Önnur mál:

1. Ósk frá Eiríki Snæbjörnssyni um umsögn hreppsneftndar Reykhólahrepps vegan kaupa hans á ríkisjörðinni Stað.  
Rebekka Eiríksdóttir vísar af fundi.  
Hreppsneftnd gerir ekki athugasemdir við að ríkið selji ábúendum jörðina Stað.  
Sveitarstjóri falið að senda inn umsögn.
2. Skoðanakönnun um verslunarmál. Lagt fram til kynningar bréf sem fylgdi útsendri skoðanakönnun um verslunarmál skrifað af Óskari Steingrímssyni og bréf frá Bergsveini G. Reynissyni með athugasemdum um það bréf.
3. Ósk til Siglingastofnunar send um að unnið verði í endurbótum á bryggju í Flatey í samræmi við tillögur Siglingastofnunar og heimamanna og ennfremur ósk um að lokið verði við framkvæmdir við höfnina á Stað á Reykjanesi í samráði við heimamenn.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 19:45.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)